

Frá: Knattspyrnudeild UMFN
Berist til: Íþróttta- og tólmstundaráðs Reykjanesbæjar
Dags. 25. maí 2021

Erindi: Framtíðaruppbygging UMFN við Afreksbraut

Árið 2007 flutti knattspyrnudeild UMFN úr vallarhúsinu við Vallarbraut í vallarhús okkar við Afreksbraut 10. Flestir þekkja söguna, en húsnæðið sem hýsir starfsemi deildarinnar átti að vera tímabundið til eins árs. Húsnæðið er bútasaumateppi í orðsins fyllstu merkingu – þrjú sumarhús skeytt saman. Nú, 14 árum seinna, stendur tímabundna vallarhúsið enn.

Vallarhúsið er 380 fermetrar. Í húsinu eru 3 búningsklefar, boltageymsla, dómarahebergi, fundar og samkomusalur með eldhúsaðstöðu, skrifstofa deildarinnar, þjálfarahebergi, þvotta og búningsgeymsla. Einnig eru útisalerni við húsið.

Aðalstjórn UMFN hefur lýst yfir vilja sínum að fara í framtíðaruppbyggingu á Afreksbraut og telur knattspyrnudeild UMFN það brýnt að hefja framkvæmdir sem fyrst.



Knattspyrnudeild UMFN telur það mögulegt að hefja framkvæmdir við nýtt vallarhús og síðar byggja við íþróttahús. Til hliðsjónar má líta til uppbyggingar sem hefur átt sér stað á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Aðstaða knattspyrnudeildarinnar er sprungin og það er komin gífurleg uppsöfnuð viðhaldspörf, líkt og fram kom í erindi frá knattspyrnudeildinni í nóvember s.l.

Vegna ófullnægjandi uppbyggingar á grasvöllinum á sínum tíma þarf að leggja gífurlega vinnu til að tryggja það að völlurinn sé í fullnægjandi ásigkomulagi, líkt og kom fram í erindi Einars F. Brynjarssonar, umhverfisfræðingi á 126. fundi ÍT-ráðs.

Síðasta sumar var mikil vinna lögð í grasvöllinn sem skilaði sér strax í vor. Einnig var farið í umfangsmiklar framkvæmdir á svæðinu, meðal annars lagður gervigrasvöllur, hellulagt og tyrft.



Fyrir utan það að hefja uppbyggingu á nýju vallarhúsi þá telur knattspyrnudeildin mikilvægt að bæta vökvunarkerfi á svæðinu, meðal annars með því að bæta vatnskrönum á svæðið, gróðursetja og bæta aðstöðuna almennt.

Iðkenndum í yngri flokkum hafa fjölgað gífurlega á síðustu árum og virðist ekkert lát á. Þar af leiðandi fer æfingarsvæði félagsins að verða of lítið til þess að rýma alla iðkenndur. Til þess að aðalvöllurinn verði sem bestur er mikilvægt að lágmarka æfingar og leiki á vellinum. Aftur á móti mun nýr gervigrasvöllur nýtast deildinni mjög vel.

Knattspyrnudeildin hlakkar til að taka á móti ÍT-ráði í vallarhúsinu við Afreksbraut 10 þriðjudaginn 25. maí þar sem farið verður yfir erindi þetta ásamt því að sýna nefndarmönnum svæðið.

F.h. knattspyrnudeildar UMFN

Brynjar Freyr Garðarsson,
Formaður knattspyrnudeildar UMFN